

Rökkurró

(Í kvöld, þegar ysinn er úti)

Freysteinn Gunnarsson ¹⁾
Ísólfur Pálsson ²⁾

Ísólfur Pálsson, 1939

Commodo

1. Í kvöld, þeg-ar ys-inn er út - i og ann-rik-ið hverf-ur og dvín, þá

kom - um við sam - an og syngj - um uns Sjö-stjarna'n á himn - in - um skín.

RÖKKURRÓ ¹⁾

Í kvöld, þegar ysinn er úti
og annríkið hverfur og dvín,
þá komum við saman og syngjum
uns Sjöstjarna'n á himninum skín.

Því andinn á heiðríkan himinn
í hvíld eftir stormþungan dag.
Og allt sem er göfugt til gleði,
það geymist í söngvum og brag.

Þó vindvalur vetur sé úti
og vorblíðan langt suðu'r í geim
þá syngjum við sólskin í bæinn
og sumarið til okkar heim.

(F.G.)

RÖKKUR ²⁾

Er húmar og hallar af degi
og harðviðrið næðir um sveit
þá fegurri finnum við eigi
en friðsaman heimilisreit.

Þar á hún sér verustað valinn
hin veglega mannúðin kær
með smávin í fanginu falinn
er fanndrifið þekjuna slær.

Er utan að kennum við kælu
við kynnumst þar aðeins um stund.
Í rökkrinu' um sumar og sælu
við syngjum og góðvinafund.

(Í.P.) (3/10)

Handrit

- Óbreytt: Band 1-49, A02 (2x)
- Frávik: I A02 (2/4)
- Frávik: II (sama lag með upphafinu "Hjá þér fékk ég þráfalt að læra: B10 2-8a (Sigurður Júlíus Jóhannesson)
- ? Fjóra 31